

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 127, 1186

komudagur 12.3.2002

Nefndasvið Alþingis, efnahags- og  
viðskiptanefnd  
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

11. mars 2002

Tilvísun: 2002020043

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti, 363. mál (innherjaviðskipti).

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 19. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til breytinga á lögum um verðbréfavíðskipti. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu eru með því lagðar til breytingar á orðalagi ákvæðis verðbréfavíðskiptalaga um bann við innherjasvikum. Er breytingum þessum ætlað að tryggja að ekki leiki vafi á því að innherjum sé óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf sem þeir búa yfir trúnaðarupplýsingum um og gildir þá einu hvort um ásetnings- eða gáleysisbrot er að ræða.


Fjármálaeftirlitið styður framgang þessa frumvarps og telur að með nýju orðalagi sé tryggt að markmið með lagasetningu um bann við innherjasvikum náist. Fjármálaeftirlitið hefur verið þeirrar skoðunar að í orðalagi núgildandi ákvæðis þar sem bann er lagt við því að “nýta trúnaðarupplýsingar” hafi ekki falist krafa um ásetning heldur einungis krafa um að viðkomandi innherji hafi keypt eða selt verðbréfm í samræmi við fyrirliggjandi trúnaðarupplýsingar, þ.e.a.s. hafi keypt ef fyrir lágu upplýsingar sem haft gætu áhrif til hækkunar á gengi bréfanna, en selt bentu upplýsingarnar til hins gagnstæða. Fyrirliggjandi héraðsdómur þar sem ákvæði þetta er túlkað á annan veg og sú ákvörðun ríkissaksóknara að áfrýja ekki þeim dómi, leiða þó óhjákvæmilega til þess að þörf er á að breyta lagaákvæðinu til þess að taka af allan vafa hvað þetta varðar.

Með hliðsjón af ofangreindu gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við frumvarpið til breytinga á lögum um verðbréfavíðskipti og styður framgang þess.

Virðingarfyllst,

  
Páll Gunnar Pálsson

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Elín Jónsdóttir



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

11. mars 2002

Tilvísun: 2002020161

091.1

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn um 363 mál þskj. 527 innherjaviðskipti breyting á 31. gr. laga nr. 13/1996**

Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans barst þann 19. febrúar sl. til umsagnar frumvarp viðskiptaráðherra um breytingu á 1. tölulið 1. mgr. 31. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við frumvarpið.

Eins og kemur fram í athugasemdum við lagafrumvarp þetta kom það mörgum á óvart að Héraðsdómur Reykjavíkur í máli 601/2001 dómi frá 29. október 2001, skýrði orðalag 1. töluliðar 1. mgr. 31. gr. laganna svo að með orðunum "nýta....til öflunar" væri áskilin ásetningur sem huglægt skilyrði refsíabyrgðar. Í athugasemdunum er einnig rakið að með breyttu orðalagi ákvæðisins sé ætlunin að eyða öllum vafa um að gáleysi nægji til refsíabyrgðar.

Við skýringu á refsíákvæðum gildir það lögskýringarsjónarmið að allan vafa um skýringu refsíákvæða skuli skýra sakborningi í vil. Í framangreindum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur er byggt á þessu sjónarmiði við skýringu á 1. tölulið 1. mgr. 31. gr. laga nr. 13/1996. Þrátt fyrir að ljóst hafi verið, eins og kemur fram í athugasemdum með lagafrumvarpi þessu, að það væri vilji löggjafans að brot gegn ákvæðinu sætti refsingu hvort sem þau væru framin af ásetningi eða gáleysi. Auk þess sem á íslenska ríkinu hvílir skylda til að hafa í löggjöf ákvæði sem leggja bann við innherjaviðskiptum svo sem nánar er kveðið á um í tilskipun nr. 89/592/EBE sem er hluti af samningsskyldum íslenska ríkisins samkvæmt EES samningnum.


Samkvæmt frumvarpinu er gengið út frá því að orðalag ákvæðisins eftir breytinguna nægi til þess að ákvæðið verði skýrt af dómstólum með beitingu gagnályktunar frá 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þegar um er að ræða sérrefsilög. Til að byrja með er rétt að átta sig á hvað fellst í gagnályktun frá 18. gr. almennra hegningarlaga. Í 18. gr. almennra hegningarlaga segir; "*Verknaður, sem refsing er lögð við í lögum þessum, er ekki saknæmur, nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi. Fyrir gáleysisbrot skal því aðeins refsja, að sérstök heimild sé til þess í lögnum*" í gagnályktun frá þessu ákvæði felst að gagnstæð regla sé talin gilda um sérrefsilög, þ.e. að meginreglan sé sú að gáleysi dugi til refsíabyrgðar samkvæmt sérrefsilögum nema sérstaklega sé kveðið á um að ásetnings sé krafist samkvæmt þeim. Þessi aðferð að beita gagnályktun er ólögfest venja við skýringu laga. Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um að kveða skýrt á um í lögum um verðbréfavíðskipti að gáleysi nægi til refsíabyrgðar heldur er eingöngu byggt á því í frumvarpinu að þessi lögskýringarleið, sem að framan er rakin, leiði til þeirrar niðurstöðu að dómstólar muni skýra ákvæðið svo að gáleysi nægi.

## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Það er álit efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans að þrátt fyrir athugasemdir þær sem fylgja frumvarpinu sé enn sú hættu fyrir hendi að dómarrar skýri ákvæðið svo að þar sé krafist ásetnings sem refsiskilyrða. Nauðsynlegt er að kveða skýrar á um saknæmisskilyrðin en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Það er því tillaga efnahagsbrotadeildar að bætt verði inn ákvæði um saknæmisskilyrði sem verði 4. mgr. 69. gr. laga nr. 13/1996, og hljóði svo:

**Brot gegn lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.**

Með því að bæta við í 4. mgr. 69. gr. afdráttarlausu ákvæði um saknæmisskilyrði samkvæmt lögunum yrði tekinn af allur vafi um hvort þetta ákvæði og önnur vörðuðu refsingu þegar brot eru framin af gáleysi. Til þess er að líta að önnur ákvæði laganna kunna eftir sem áður að verða skýrð svo að ásetnings sé krafist, t.d. 18. gr. laganna. Miðað við viðurkennd sjónarmið við skýringu refsíákvæða er ástæða til að taka af allan vafa í þessu efni. Sem dæmi um ákvæði í sérrefsilögum þar sem tekin er af vafi um saknæmisskilyrði má nefna: 75. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, 23. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og 44. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993,





Alþingi  
Erindi nr. P 127/1231  
komudagur 14. 3. 2002

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja  
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Reykjavík, 13. mars 2002

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um verðbréfiðskipti (363. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 19. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. Frumvarpið gerir ráð fyrir að í stað núverandi orðalags 1. tölul. 31. gr. laganna sem er svohljóðandi: *"Innherjum er óheimilt að nýta trúnaðarupplýsingar beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa"* komi: *"afla eða ráðstafa verðbréfum fyrir eigin reikning, búi þeir yfir trúnaðarupplýsingum."*

Í fyrsta lagi vilja SBV benda á að það kann að vera fullkomnlega réttlætanlegt og eðlilegt að innherji *"afla eða ráðstafi verðbréfum"* þrátt fyrir að hann *"búi yfir trúnaðarupplýsingum"*. Þetta á fyrst og fremst við þegar viðkomandi hefur gert framvirkan samning um kaup eða sölu á bréfum á tímavarki þegar hann býr ekki yfir trúnaðarupplýsingum, en býr síðan yfir slíkum upplýsingum þegar kemur að gjalddaga samningsins.

Taka má lítið dæmi til að skýra þetta betur: Kári, sem er viðskiptafræðingur, gerir framvirkan samning um kaup á bréfum í Delta hf. þann 4. janúar 2002. Framvirki samningurinn er á gjalddaga þann 29. janúar 2003. Síðan gerist Kári fjármálastjóri Delta hf. í júlí 2002. Í janúar 2003 fer Delta hf. í samrunaviðræður við Pharmaco og birting ársreiknings á að fara fram 30. janúar 2003. Þann 29. janúar 2003 kaupir Kári bréfin, en daginn eftir hækka bréfin um 40%.

Samkvæmt nágildandi lögum er skilyrðið um að það megi ekki *"nýta trúnaðarupplýsingar"*, þannig að ljóst er samkvæmt því að það gæti ekki átt við um fyrirfram umsamin kaup Kára á bréfunum þann 29. janúar 2003. Samkvæmt hinu nýja orðalagi nægir hins vegar að Kári *"búi yfir"* trúnaðarupplýsingum á þeim tíma sem hann aflar eða ráðstafar bréfunum. Hér mundi reyna á hvernig dómstólar mundu túlkuðu orðin *"afla eða ráðstafa"*, þ.e. hvort þeir teldu að miða ætti við þann dag sem ákvörðun var tekin um að eiga þessi viðskipti, þ.e. 4. janúar 2002, eða daginn sem samningurinn var framkvæmdur?


Þetta skapar óþarfa óvissu á verðbréfamarkaði. Bandaríkjamenn, sem eru komnir lengst þjóða í mótun reglna verðbréfamarkaðar, hafa farið þá leið að setja sérstaka undanþágu um slík tilvik sem ofangreint. SBV telja rétt að fara svipaða leið í fyrirhugaðri lagabreytingu.

Í öðru lagi verður ekki hjá því komist að itreka áhyggjur af skilgreiningu gildandi laga á trúnaðarupplýsingum. Þar er gert að skilyrði að um sé að ræða upplýsingar sem geta haft “áhrif á markaðsverð” bréfanna, en í EB tilskipuninni sem lögin byggja á er talað um “veruleg áhrif á markaðsverð”. Ljóst er að oft þarf afar lítil áhrif til að mynda flökt á verði bréfa. Slíkt minniháttar flökt getur þannig leitt til þess að viðskipti innherja verði talin vera saknæm, komi í ljós að þeir hafi átt viðskipti á þeim tímavarki sem það á sér stað. Erfitt er hins vegar, ef ekki útilokað, að staðreyna hvað orsakaði flöktið og getur því reynst þrautinni þyngri fyrir viðkomandi innherja að verja hendur sínar. Mikilvægt er blanda því máli ekki saman við eigin viðskipti starfsmanna fjármála-fyrirtækja, sem lúta skýrum reglum m.a. um lágmarkseignarhald (3 mánuðir), bann með viðskipti með óskráð bréf, markaðsmisnotkun o.fl. Er þar bæði vísað til innri verklags-reglna, sem Fjármálaeftirlitið staðfestir, og reglna Verðbréfaþings Íslands.

Gildandi skilgreining á hugtakinu trúnaðarupplýsingar hefur reynst afar íþyngjandi í framkvæmd og setur starfsmenn fjármála-fyrirtækja í þá stöðu að þeir í raun geta nánast aldrei átt viðskipti með verðbréf, þar sem minnsta breyting á verði bréfanna á þeim tímavarki geta gert slík viðskipti tortryggileg. Sem dæmi um stór Evrópuríki sem styðjast við sömu skilgreiningu og tilskipunin byggir á, þ.e. veruleg áhrif á markaðsverð, má benda á Bretland og Þýskaland.

Rétt er að benda á að á vegum viðskiptaráðherra er unnið að heildarendurskoðun verðbréfavíðskiptalaganna, en þetta mál hefur m.a. verið til skoðunar þar.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 127/102,  
komudagur 7.3.2002

6. mars 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti

Með bréfi dags. 19. febrúar 2002 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, 363. mál, innherjavíðskipti.

Seðlabanki Íslands telur afar brýnt að hér á landi gildi skýr lög og reglur sem varða fjármagnsmarkaðinn og atferli þeirra sem þar eiga víðskipti. Þetta á ekki síst við um víðskipti innherja. Seðlabankinn telur að frumvarpið sem hér er til umsagnar feli í sér brýna bót á orðalagi gildandi laga og mælir eindregið með samþykkt þess.


Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísl. Gunnarsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK  
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605



VERÐBRÉFAFABING ÍSLANDS HF  
Löggilt kauphöll  
ICELAND STOCK EXCHANGE

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1188  
komudagur 12.3.2002  
1188

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.03.2002  
Tilv. 111  
ÓAS/óas

**Efni: Umsögn um 363. mál, innherjaviðskipti.**

Í bréfi efnahags- og viðskiptanefndar frá 19. febrúar 2002 er óskað eftir umsögn Verðbréfafabings Íslands hf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti (363. mál). Verðbréfafabing gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en lýsir ánægju með að fram sé komi frumvarp sem mun, ef það verður að lögum, eyða þeirri óvissu sem skapaðist með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í sakamálinu nr. 601/2001.

Virðingarfyllt

Ólafur Arinbjörn Sigurðsson  
lögfræðingur

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/1254*  
*komudagur 14.3.2002*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**



Reykjavík, 13. mars 2002.

**Efni: Frumvarp til laga um verðbréfiðskipti (363. mál).**

Verzlunarráð þakkar nefndinni fyrir að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verzlunarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd Verzlunarráðs Íslands,

Birgir Ármannsson.